

AUGLÝSING

**um breytingu á Norðurlandasamningi um félagslegt öryggi
frá 15. september 1955.**

Með orðsendingaskiptum milli utanríkisráðherra Dana og sendiherra Íslands, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar í Kaupmannahöfn hefur verið formlega gengið frá þeirri breytingu á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 15. september 1955 um félagslegt öryggi, að niður er felld 3. mgr. 17. gr. sammingsins.

Samkomulag þetta tók gildi hinn 1. janúar 1974.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. janúar 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 3.

24. janúar 1974.

AUGLÝSING

**um gildistöku samkomulags um breytingu á Norðurlandasamningnum
frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði
um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.**

Með skírskotun til auglýsingar nr. 26/1973 er almenningi hér með gert kunnugt, að hinn 1. janúar 1974 gekk í gildi samkomulag það, sem undirritað var í Stokk-hólmi hinn 20. nóvember 1973, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóð-leg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. janúar 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 4.

1. mars 1974.

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og Danmerkur varðandi landanir á síld.

Með orðsendingaskiptum milli sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn og danska utanríkisráðuneytisins hinn 26. nóvember 1973 og 21. febrúar 1974 hefur verið gert samkomulag milli Íslands og Danmerkur um síldarlandanir.